



UPPFÆRUM ÍSLAND



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

INNGANGUR



Samtök atvinnulífsins hafa á undanförnum árum gefið út nokkur rit þar sem lagðar eru fram tillögur um hvernig unnt er að koma atvinnulífinu á skrið á nýjan leik eftir mikinn efnahagssamdrátt, stóraukið atvinnuleysi, minni vinnutíma fólks og minni tekjur. HAGSÝN, FRAMSÝN OG ÁRÆÐIN ATVINNUSTEFNA kom út í janúar 2009, ATVINNA FYRIR ALLA í febrúar 2010 og RJÚFUM KYRRSTÖÐUNA – LEIÐIR TIL BETRI LÍFSKJARA í nóvember 2011. Endurreisninni miðar hins vegar hægt.

Lausnin er í sjálfu sér einföld þegar menn hafa áttað sig á samhenginu. Með auknum fjárfestingum, aukinni framleiðni og verðmætasköpun atvinnulífsins skapast svigrúm til að hækka laun og auka kaupmátt. Þar með eykst eftirspurn eftir vörum og þjónustu, störfum fjölgar og dregur úr atvinnuleysi. Með bættum hag fyrirtækja og fólks aukast skatttekjur ríkis og sveitarfélaga. Í þessu riti, UPPFÆRUM ÍSLAND er horft til framtíðar og skoðaðar undir nýju sjónarhorni, hugmyndir og tillögur sem geta stutt við jákvæða þróun atvinnulífsins, breytt viðmóti og sýn fólks og opnað á nýja möguleika til atvinnusköpunar.

Lífskjör hér verða að vera sambærileg við það sem best gerist til að hæfustu og best menntuðu einstaklingarnir velji ekki að flytjast annað.

Menntakerfið verður að vera í stakk búið til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir fólk með fjölbreytta og góða menntun til að skapa verðmæti í samkeppnishæfu umhverfi.

Núverandi ástand er gagnrýnt þar sem árangur er ófullnægjandi og bent er á nýjar leiðir og samspil fyrirtækja milli greina. Viðræður milli atvinnulífs og stjórnvalda verða að eiga sér stað til að ná fram meiri samstöðu um hvert skuli stefna.

Kallaður var til hópur fólks 10 – 12 manna til að fjalla um tengdar greinar og haldnir umræðufundir um hvert viðfangsefni. Þar

tjáðu fundarmenn sig um helstu tækifæri sem við blasa og hvernig þróunin gæti orðið á næstu 5 – 10 árum ef helstu möguleikar eru nýttir. Fjallað var um framtíðarsýn og fólk beðið um að segja hver væru helstu viðfangsefnin.

Spurt var um hvernig byggja megi upp öflugt menntakerfi sem útskrifi fólk sem atvinnulífið þarf á að halda til að auka verðmætasköpun og samkeppnishæfni. Einnig var spurt um hvernig styrkja megi rannsóknir sem leiði til nýsköpunar fyrirtækja. Þar er átt við að endurbæta framleiðsluferla, bæta þjónustu og innleiða nýja tækni. Það er ekki sjálfgefið að atvinnulífið sé í stakk búið til að skapa verðmæti upp á milljarðatugi þegar ný tækifæri gefast eins og gerst hefur síðustu ár með nýjum tölvuleikjum og makrílveiðum og vinnslu. Það þarf mikla þekkingu og framsýni, öflug tæki, vilja og getu til að koma auga á tækifærin og nýta þau. Góð menntun og nýsköpun eru hér sem víðar grunnur að góðum árangri.

Rætt var um tengsl atvinnulífs, skóla og rannsóknarstofnana. Atvinnulífið er allt samtvinnað, fyrirtækin eru hvert öðru háð og nauðsynlegt að hugmyndaauðgi og frumkvæði njóti sín sem víðast.

Klasasamstarf bar oft á góma. Klasar eru þyrping fyrirtækja og stofnana á ákveðnu svæði og sviði, sem eiga sameiginlega hagsmuni og stuðningsnet. Samstarf á vettvangi klasa felst í að leiða saman ólíka

aðila innan hans eins og t.d. fyrirtæki, opinbera aðila, menntastofnanir og fjármálastofnanir. Þannig er hvatt til samstarfs án þess að draga úr virkri samkeppni og mynda þannig heild sem er aflmeiri en ef hvert fyrirtæki vinnur eitt og sér að framgangi sinna verkefna.

Haldnir voru 8 fundir og var yfirskrift þeirra eftirfarandi: Hátæknilandið, matvælandið, þjónustulandið, land sköpunar og afþreyingar, ferðamannalandið, sjávarlandið, land iðnaðar og orkunýtingar og litla Ísland. Í umræðum um litla Ísland var sjónum beint að hagsmunum smárra fyrirtækja sem eru mikilvæg vegna nauðsynlegrar fjölbreytni í atvinnulífinu. Þau skapa líka mikinn arð og geta mögulega orðið stórfyriræki.

Það var ekki ætlast til að fjallað yrði um almenna efnahagsumgjörð fyrirtækjanna, s.s. peningamál, gjaldmiðil og ríkisfjármál en samt sem áður komu aftur og aftur fram ábendingar um nauðsyn þess að ráðin yrði bót á rekstrarumhverfi fyrirtækjanna. Sérstaklega eru gjaldeyrishöftin talin rekstrinum erfið og að þau munu valda sífellt meira og varanlegra tjóni á efnahag landsmanna allra eftir því sem þau vara lengur.

Í þessu riti er að finna samantekt á helstu tillögum og ábendingum sem fram komu við mjög líflugar umræður á fundunum. Í verkefninu tóku þátt hátt í 100 manns.


Samtök atvinnulífsins þakka öllum, sem að þessu verkefni komu, kærlega fyrir þátttökuna og vonast til að niðurstöðurnar muni nýtast til að uppfæra starfsumhverfi atvinnulífsins og um leið hag alls almennings í landinu.

TILLÖGUR AÐ UPPFÆRSLU ÍSLANDS


- Breyta verður menntakerfinu þannig að það svari betur eftirspurn atvinnulífsins eftir starfsfólki. Börn og unglingar þurfa að fá innsýn í miklu fjölbreyttari störf en nú er.
- Styttta verður grunn- og framhaldsskóla þannig að nemendur útskrifist tveimur árum fyrr en nú er. Tækifæri til breytinga eru fyrir hendi í nýlegum framhaldsskólalögum.
- Auka verður vægi raungreina í kennaramenntun. Kennarar verða að hafa fjölbreyttari bakgrunn en nú er. Kjarasamningar kennara þurfa að stuðla að sveigjanleika, ekki hamla breytingum.
- Fyrirtækin og samtök í atvinnulífinu verða að kynna verðmætasköpun, störf og mikilvægi starfs síns í skólum á öllum skólastigum.
- Leggja verður áherslu á mikilvægi starfsnáms í framhaldsskólum. Fjölga verður þeim sem útskrifast með iðn- og tæknimenntun úr framhaldsskólum.
- Símenntun og framhaldsfræðsla eru lykilþættir til að fækka þeim á vinnumarkaði sem ekki hafa lokið öðru en grunnskólanámi.
- Gera verður gangskör að því að fjölga útskrifuðu fólki úr verkfræði, tækni- og raunvísindanámi.
- Háskólana verður að endurskipuleggja og bæta nýtingu fólks og fjár. Leggja verður áherslu á gæði náms og rannsókna.
- Háskólarnir verða að vera opnari gagnvart atvinnulífinu, sækjast eftir samstarfi við fyrirtækin og verðlauna ætti slíkt samstarf. Fyrirtækin hafa einnig mikið að sækja til háskólanna.
- Auka verður samstarf rannsóknastofnana, fyrirtækja og háskóla með áherslu á hagnýtar rannsóknir. Þá eru rannsóknastofnanir hins opinbera of margar, of smáar og of vanmáttugar. Því verður að breyta.
- Besta leið hins opinbera til að styðja við rannsóknir og nýsköpun í atvinnulífinu er að efla Tækniþróunarsjóð og leggja þar áherslu á verðmætasköpun. Framlög í sjóðinn skila sér hratt til baka með auknum umsvifum og verðmætasköpun í atvinnulífinu.
- Taka á upp skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa í fyrirtækjum sem uppfylla tiltekin skilyrði.
- Hvetja verður fólk til stofnunar nýrra fyrirtækja og til að taka áhættu í atvinnulífinu með jákvæðu regluverki.
- Fyrirtækin og samtök í atvinnulífinu kalla eftir sameiginlegri stefnumótun með stjórnvöldum um framtíð og þróun menntakerfisins. Samstarf og samvinna atvinnulífs, skóla og yfirvalda menntamála er forsenda nauðsynlegra breytinga.


Og síðast en ekki síst: Það verður að afnema gjaldeyrishöftin sem allra, allra fyrst.





Hlutfall íbúa á aldrinum 25-34 ára með háskólamenntun árið 2009







MENNTUN

MENNTUN



Atvinnulífið á brýnt erindi við menntakerfið. Það brennur á þeim sem í fyrirtækjum starfa að fá hæft fólk til fjölbreyttra starfa. Það er gífurleg þörf fyrir fólk með verkfræði- og tæknimenntun á háskólastigi og fólk með iðnmenntun á mörgum sviðum. Svo virðist sem menntakerfið svari ekki kröfum atvinnulífsins og um leið samfélagsins um menntun. Atvinnulífið þarf að kynna þarfir sínar mun betur fyrir nemendum, foreldrum og kennurum og geta gefið foreldrum sem huga að menntun með börnum sínum upplýsingar um hvar tækifærin liggja. Forsvarsmenn skóla og menntamála þurfa einnig að hlusta eftir ákalli atvinnulífsins. Þessir aðilar allir verða að taka upp samræðu og víðtækt samstarf um það sem betur má fara.

ATVINNULÍFIÐ Á BRÝNT ERINDI VIÐ MENNTAKERFIÐ.

Grunnskólinn þarf að breytast

Í grunnskólanum þarf að hvetja til sköpunar og tæknimenntunar og að kenna börnum í ríkara mæli sjálfstæða hugsun. Ótækt er að sætta sig við að hátt hlutfall barna, einkum drengja, kunni vart að lesa eftir margra ára skólagöngu. Það þarf áttak til að halda við og efla áhuga barna á raun- og tæknigreinum og tengja tæknina, sem þeim er auðlærð á þessum árum, við sem flest áhugasvið. Leggja þarf aukna rækt við sköpun og tjáningu í grunnskóla. Unglingar hafa yfir að ráða miklum tækjabúnaði sem þeir hafa náð tökum á að nýta. Hvetja verður til vinnusemi og virðingar fyrir vinnu, bæði vinnunni að læra og síðar fyrir margs konar störfum á vinnumarkaði. Það þarf að fræða börn um störf og fjölbreytni þeirra. Það verður að draga sérstaklega fram að það eru til fleiri leiðir en bóknám sem flest skólafólk þekkir best. Öllum verður að vera ljóst að hvert starf sem er þess virði að það sé unnið er þess virði að það sé vel unnið. Æskilegt er að kennarar hafi fjölbreyttari bakgrunn en nú. Breyta þarf kennaramenntun þannig að kennarar verði hæfari til að kenna raun- og tæknigreinar og hvetja starfandi kennara til að afla sér frekari þekkingar í þessum greinum.

Framhaldsskólann verður að stytta, og hann að breytast með atbeina atvinnulífsins

Á framhaldsskólastiginu eru breytingar mjög aðkallandi. Tengja verður nám í grunn- og framhaldsskólum þannig að námslok gætu orðið við 18 ára aldur. Það verður að bjóða fjölbreyttara og sveigjanlegra nám og margs konar styttri námsbrautir. Bregðast þarf við verulegum skorti á tækni- og iðnmenntuðu fólki, t.d. með sérhæfðu námi á framhaldsskólastigi eða með því að flétta verknám inn í nám til stúdentsprófs. Bent er á að ekki sé nægilega byggt á sjálflærðri tölvuþekkingu ungs fólks við nám. Votta ætti slíka þekkingu og færni á einhvern hátt fyrir þá sem yfir henni búa. Í framhaldsskólum verður sérhæfing til starfa að hefjast af fullum krafti án þess að lokað sé dyrum til frekara náms síðar. Og það þarf að bjóða upp á nýtt nám, t.d. fyrir þá sem vinna að ýmiss konar afþreyingu fyrir ferðamenn. Það þarf að vera aðlaðandi fyrir góða námsmenn að velja sér starfsnám í framhaldsskóla. Allt þetta getur unnið gegn því að unglíngar hætti námi á framhaldsskólastigi en þeir eru alltof margir sem það gera. Ísland er aftarlega í samanburði við aðrar þjóðir hvað varðar brotthvarf úr framhaldsskóla. Atvinnulífið þarf að koma að því í stóru auknum mæli að móta nám í framhaldsskólunum og að

beita sér varðandi námsval unglíngja með öflugum kynningum á störfum í boði.

Mikilvægt er að þeir sem veita námsráðgjöf á framhaldsskólastigi hafi fjölbreyttan bakgrunn og þekkingu á þörfum atvinnulífsins.

NEMENDUR Á NORÐURLÖNDUNUM LJÚKA FRAMHALDSSKÓLA ÁRI FYRR EN HÉR.

Samstarf atvinnulífs og háskóla aukist enn

Háskólarnir og atvinnulífið verða að vinna betur saman og hafa oftari að markmiði að mennta fólk til fjölbreyttra starfa. Sem dæmi á kennsla um rekstur, stjórnun og markaðsmál erindi í flestar námsgreinar í háskóla. Alltaf þarf að huga að því að háskólarnir séu nægjanlega sveigjanlegir og hvetji til nýsköpunar en hamli ekki framþróun. Vinna þarf gegn einangrun háskólasamfélagsins og tregðu þess til samstarfs við atvinnulífið sem dæmi eru um. Það er einnig nauðsynlegt að stokka upp ýmislegt í háskólakerfinu. Það gefur auga leið að sjö háskólar sem bitast um takmarkað fé og hlutfallslega fáa nemendur hljóta að vera dýrir samfélaginu og að unnt sé að nýta fjármunina betur. Nýjar tillögur starfshóps vísinda- og tækniráðs eru vegvísir. Einstakir skólar hljóta að eiga erfitt uppdráttar og hafa takmarkaða getu til að bjóða fjölbreytt nám. Menntun tengd matvælum fer nú fram í háskólunum á Akureyri, Hólum, Hvanneyri auk Háskóla Íslands. En í HÍ hefur matvælafræðinni af einhverjum ástæðum verið komið fyrir undir heilbrigðisvísindasviði og þar alið á sérstakri tortryggni gagnvart matvælafyrirtækjunum.

Menntun líka fyrir þá sem eru í vinnu

Hver sem menntunin er, þá læra menn langstærstan hluta starfs síns þegar í vinnu er komið. Vinnustaðurinn er námsstaður. Það skilar sér í aukinni samkeppnishæfni að hafa markvissa nýliðarþjálfun á öllum sviðum og bjóða starfsmönnum að bæta stöðugt við sig þekkingu og færni. Framhaldsfræðsla og símenntun er og verður afar mikilvæg meðan hópurinn sem ekki hefur lokið öðru námi en lokaprófi úr grunnskóla á Íslandi er jafn stór og raun ber vitni. Það er mikil þörf á að bjóða fólki á vinnumarkaði upp á viðurkennt nám með vinnu. Taka má dæmi af náminu Færni í ferðarþjónustu.

VINNUSTAÐURINN ER NÁMSSTAÐUR

Það er brýnt að breyta menntun á Íslandi

Menntakerfið verður að breytast. Það gengur ekki að halda áfram á þeirri braut að menntakerfið sé skilvirkast við að búa til efni í opinbera starfsmenn. Ef menntakerfið

togar fólk inn í skólana án þess að það byggi á forsendum atvinnulífsins í landinu er hætt við að þeir sem ætla til starfa þar finni sig ekki í því námi sem upp á er boðið. Þá er einnig líklegt að slíkt kerfi haldi stöðugt áfram að bólgna og að menn þurfi á endanum „fimm háskólagráður“ til að fá starf hjá ríki eða sveitarfélögum þar sem ráðningar byggja fyrst og fremst á þeim prófgráðum sem menn búa yfir.

Það er ekki bara nauðsynlegt að nám verði í auknum mæli á forsendum atvinnulífsins í landinu, það þarf viðtækt samstarf um leiðirnar að því marki. Menntakerfið á að skila hæfu fólki út úr skólunum til að takast á við fjölbreytt verkefni í lífi og starfi á ólíkum sviðum í öllum atvinnugreinum.

Mikilvægt hlutverk foreldra


Samvinna ríkisvalds, atvinnulífs og skóla er þó ekki eina forsenda uppfærslu menntunar á Íslandi, samfélagið allt verður að koma þar að. Það er ekki á valdi fulltrúa atvinnufyrirtækja, kennara eða ríkisvaldsins

að ákveða náms- og starfsval þótt vissulega hafi þessir aðilar mikil áhrif. Foreldrar og umhverfi hafa mest áhrif og börn læra það sem fyrir þeim er haft. Til að foreldrar og umhverfi láti til sín taka þá annmarka sem eru í skólakerfinu verður almenn umræða um atvinnulíf, störf og menntun að breytast.


Nauðsynlegt að ræða um störf og menntun

Það þarf að varpa ljósi á störf sem unnin eru í atvinnulífinu og verðmætasköpunina sem þar á sér stað. Menntunarkröfur sem eru gerðar til starfa þurfa að vera skýrar og ástæður þeirra einnig, þar er ekki gilt svar að þannig hafi þær alltaf verið. Það þarf að hvetja börn og unglinga til náms og þroska og fólk á vinnumarkaði til símenntunar. Í uppfærðu samfélagi þarf að bjóða nám til miklu fjölbreyttari starfa en nú er og opinber umræða um störf og menntun þarf að vera fjölbreytt og upplýsandi. Erindi atvinnulífsins við menntakerfið er að leggja sitt af mörkum til að lífskjör hér verði á við það sem best gerist.

Dæmigerður aldur við upphaf háskólanáms í OECD-ríkjunum



Dæmigerður aldur við lok BA/BS háskólagráðu



NÝSKÖPUN OG RANNSÓKNIR

Öflug fjárfesting í rannsóknum og nýsköpun bætir samkeppnishæfni þjóða til að leysa þau stóru verkefni sem menn standa frammi fyrir á hverjum tíma. Þá gildir einu hvort um er að ræða lausnir í umhverfismálum, orkumálum eða heilbrigðismálum. Fyrirtæki í öllum atvinnugreinum verða að stunda nýsköpun og þróun. Á það jafnt við um hreinræktuð vísindafyrirtæki og sjávarútvegsfyrirtæki, sem um fyrirtæki í verslun, þjónustu og skapandi starfsemi.

Rannsóknasamstarf atvinnulífs og háskóla verður að auka

Þau fyrirtæki sem eru í fararbroddi við að breyta þekkingu í verðmætar framleiðsluvörur eða þjónustu eiga besta möguleika á því að skara fram úr. Nýsköpun og hugmyndaauðgi hefur aldrei verið mikilvægari en einmitt nú á tímum aukinnar alþjóðlegrar samkeppni og frjálsra viðskipta. Fyrirtæki sem ætla að ná árangri verða stöðugt að leita nýrra leiða og bjóða viðskiptavinum sínum upp á nýjar vörur og nýja þjónustu til að verða ekki undir í samkeppninni. Í löndum á borð við Indland og Kína er lögð stóráukin áhersla á rannsóknir og þróunarstarf. Grunnurinn að velgengni þeirra er fólgin í kraftmiklu nýsköpunarstarfi sem gerir þeim kleift að uppfylla þarfir kröfuharðra viðskiptavina. Hættan hér á landi er sú að gjalddeyrishöftin dragi úr hvata og getu til nýsköpunar í atvinnulífinu þannig að fyrirtækin dragist smám saman aftur úr keppinautum sínum. Skaðinn sem höftin valda mun halda áfram að aukast og það mun taka því lengri tíma að ná aftur svipuðum lífskjörum og í grannríkjunum því lengur sem höftin vara.

Háskólar, rannsóknastofnanir og fyrirtæki verða að auka til muna og setja í forgang samstarf um rannsóknir sem ætlað er að

auka verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Slíkt samstarf hefur getið af sér ný fyrirtæki sem eflst hafa að þrótti. Það hefur einnig aðstoðað fyrirtæki sem eiga sér langa sögu við að treysta grundvöll sinn með nýsköpun. Rannsóknasamstarf sem kannar ótroðnar slóðir býr til nýja þekkingu sem getur skapað atvinnulífinu nýja framtíð.

Finna þarf rannsóknum og nýsköpun réttan farveg

Fyrirtækin eru ólík og sérhæfa sig á mismunandi sviðum og bakgrunnur þeirra er einnig mismunandi. Mörg eru sprottin upp í kringum nýtingu auðlinda lands og sjávar en önnur úr rannsóknum innan háskóla. Einnig hafa fyrirtæki orðið til í tengslum við þróunarverkefni stórra alþjóðlegra fyrirtækja og enn önnur verða til af hugviti einstaklinga. Nýsköpun verður til á ólíklegustu stöðum og er sjaldnast fyrirsjáanleg, hún verður ekki til af sjálfu sér heldur er afrakstur markvissrar vinnu. Til að nýsköpun beri árangur þarf að skapa frumkvöðlaanda og réttar aðstæður innan fyrirtækja. Stjórnendur verða að styðja við nýsköpun frá upphafi til enda. Leiða þarf saman fólk úr ólíkum áttum með ólíkan bakgrunn og menntun til að leysa krefjandi verkefni. Veita þarf starfsfólki tækifæri til að viðra hugmyndir sínar. Gott

upplýsingaflæði er lykilþáttur. Ný þekking verður til með samstarfi fyrirtækja við háskóla og rannsóknarstofnanir og byggir á að tengja saman fólk með sérþekkingu sem er til staðar. Góð tengsl við viðskiptavinum eru lífsnauðsynleg og langtímahagsmunir þeirra eiga að vera í fyrirrúmi. Bregðast verður hratt við nýjum óskum viðskiptavina. Það verður að verðlauna þá sem stofna ný fyrirtæki og gera það eftirsóknarvert að taka áhættu til að skapa sjálfum sér og öðrum ný störf og auka verðmætasköpun í þjóðfélaginu.

Rannsóknafé verður að beinast að verðmætasköpun

Talið er að árið 2009 hafi fyrirtæki varið 22,7 milljörðum kr. til rannsókna og þróunar og að fimm fyrirtæki, Actavis, CCP, Íslensk erfðagreining, Marel og Össur hafi varið 74% af heildarútgjöldum allra fyrirtækja í landinu til þessa málaflokks. Það er hins vegar ástæða til að ætla að þar geti verið um vanmat á nýsköpun að ræða og nægir þar að benda á mikið nýsköpunarstarf í sjávarútvegi og iðnaði. Hið opinbera er talið fjármagna um 50% af rannsóknum í landinu og fyrirtækin 50%. Athygli gekur að opinberir aðilar fjármagna einungis 4% af rannsóknum í fyrirtækjum en fyrirtæki fjármagna 15% af rannsóknum sem unnar eru í háskólum og opinberar rannsóknastofnanir framkvæma.

Mikilvægasti stuðningur hins opinbera við nýsköpun í atvinnulífinu er í gegnum Tækniþróunarsjóð sem fékk rúmar 700 milljónir króna til ráðstöfunar á fjárlögum

2012. Síðustu ár hefur einnig skapast sá möguleiki að fyrirtæki fái metin verkefni sem veita skattafslátt upp að ákveðnu marki og er það jákvætt skref. Það er samdóma álit langflestra sem til þekkja að besta leiðin til að styðja við nýsköpun og rannsóknir í atvinnulífinu sé að efla Tækniþróunarsjóð. Sjóðurinn vegur og metur verkefni og leggur mesta áherslu á verðmætasköpun. Fjöldmörg afburðafyrirtæki hafa notið stuðnings sjóðsins og það fé sem þangað rennur skilar sér margfalt til baka til ríkisins. Smám saman ætti einnig að draga úr föstum framlögum hins opinbera til rannsókna í háskólum og stofnunum og auka þess í stað framlög til samkeppnissjóða þar sem verkefni eru metin með hliðsjón af gæðum, árangri og verðmætasköpun.

Rannsóknir eru í eðli sínu dýrar og árangur er oft óljós í byrjun. Þær stofnanir sem sinna rannsóknum og nýsköpun eru fjölmargar og smáar auk háskólanna. Háskólarnir mega ekki starfa eins og eyllönd án tengsla við umhverfi sitt og samfélag. Nýta þarf alla möguleika til samstarfs og sameininga stofnana þannig að fé og starfsfólk nýtist betur. Fyrirtækin verða að kalla eftir samstarfi og þjónustu þessara stofnana sem verða að bregðast við því kalli með skilningi og áhuga.





HÁTÆKNI LANDIÐ



HÁTÆKNILANDIÐ

Mikil tækifæri felast í þeim hluta atvinnulífsins sem er kallaður hátæknigeirinn. Hér er m.a. um að ræða fyrirtæki sem tengjast tölvu- og hugbúnaðargeiranum, heilbrigðistækni, lífvísindum, umhverfistækni og upplýsingatækni.

Fyrirtækin og skólarnir verða að vera samstíga

Möguleikar geirans til að vaxa eru verulegir og að sumu leyti ófyrirséðir. Til þess að af vextinum geti orðið verða fyrirtækin að hafa á að skipa verulegum fjölda tæknimenntaðs fólks. Nú þegar er æpandi eftirspurn fyrirtækja eftir starfsfólki sem hefur aflað sér raungreina- og tæknimenntunar á háskólastigi. Nauðsynleg breyting verður ekki nema að vegur raungreina aukist á lægri skólastigum frá því sem nú er. Takist skólakerfinu ekki að svara þessari eftirspurn er hættu á að fyrirtækin muni enn frekar en nú byggjast upp að mestu erlendis. Það er kostnaðarsamt fyrir fyrirtæki að flytja inn fólk sem getur aðlagast menningu og efnahagslegum skilyrðum hér á landi. Fyrirtækin munu líta á heiminn sem markaðssvæði fyrir afurðir sínar og vinnuafli, nýta tæknina og taka upp viðtækt samstarf án tillits til staðsetningar. Fyrirtækin verða að byggjast upp með viðvarandi þekkingu þó að fólk komi og fari og við það verður menntakerfið að ráða.

Það getur einnig verið kostur að bjóða erlendum námsmönnum aðgang að háskólanámi í verkfræði og tæknigreinum og tryggja þeim um leið aðgang að íslenskum vinnumarkaði.

Efla verður fjárfestingu og nýsköpun í hátækni

Nauðsynlegt er að hvetja til fjárfestinga í hlutabréfum hátæknifyrirtækja og að auðvelda þeim skráningu á

hlutabréfamarkað. Kaup á hlutafé er í eðli sínu áhættusöm og mjög jákvætt yrði að taka að nýju upp skattaafslátt við kaup á hlutabréfum í fyrirtækjum sem uppfylla tiltekin skilyrði. Fyrirtækin yrðu almenningi sýnilegri, greinilegra yrði að þau séu spennandi og áhugaverður vinnustaður og eftirsóknarvert að afla sér menntunar til að geta sótt um starf hjá þeim.

Í sumum geirum er ekki skortur á starfsfólki og er lífvísindageirinn dæmi um það. Nægilegt framboð er af líffræðingum. Hins vegar vantar fólk í líftækni sem jafnframt hefur áhuga á atvinnurekstri og nær ómögulegt er að fá innlenda fjárfesta til að fjárfesta í fyrirtækjum sem byggja á lífvísindum. Tvö stærstu líftæknifyrirtækin hér á landi eru byggð upp með erlendu fjármagni. Sama á við um fyrirtæki í öðrum kimum hátæknigeirans, fjárfestar eru vandfundnir. Auk þess virðist ríkja almenn tortryggni í garð erlendra fjárfesta og stöðugar breytingar á rekstrarumhverfinu síðustu ár eru ekki til þess fallnar að gera fjárfestingar hér á landi eftirsóknarverðar. Gjalddeyrishöftin skemma mikið fyrir. Erlendar fjárfestingar hér á landi fela ekki í sér ógnanir við sjálfstæði landsins heldur veita ungu menntuðu fólki tækifæri til að sinna áhugaverðum störfum á góðum launum.

Uppbygging hátæknifyrirtækja tekur langan tíma og mikið fé þarf að leggja til starfseminnar þar til tekjur fara að skila sér. Þessi fyrirtæki verja einnig verulegum hluta tekna sinna til rannsókna, þróunar og nýsköpunar. Meðan á uppbyggingu

stendur hefur ríkið miklar tekjur vegna launa starfsmanna, virðisaukaskatts og annarra umsvifa fyrirtækjanna. Eitt af því áhrifaríkasta sem ríkið getur gert til að fjölga störfum og verðmætasköpun er að efla Tækniþróunarsjóð sem styður við bestu nýsköpunarverkefni. Þannig getur ríkið varið sína hagsmuni og verðmæti með því að koma í veg fyrir að þessi fyrirtæki flytji úr landi.

ÞAÐ ÞARF AÐ EFLA RAUN- OG TÆKNINÁM Á ÖLLUM SKÓLASTIGUM.

Iðn- og tæknináms er mikilvægt

Það þarf gagngera breytingu innan menntakerfisins og meðal forráðamanna barna og unglunga til að vekja athygli á mikilvægi og fjölbreytileika iðn- og tæknináms. Alla jafnan er eftirspurn atvinnulífsins eftir fólki með þessa menntun meiri en framboðið. Í vaxandi mæli er um að ræða vel launuð störf. Bæta þarf kennaramenntun og endurmennta kennara til að gera þá betur hæfa til að kenna raunvísindi. Of algengt er að þeir sem velja sér kennaranám hafi að baki takmarkaða þekkingu í raungreinum og óttist þá kennslu. Það getur leitt til þess að börnin hræðist stærðfræði og raunvísindi. Kennarar þurfa ekki að vita allt betur en nemendur heldur að leyfa sér að læra með þeim. Það er auðvelt að kenna ungum börnum, 9-13 ára, að forrita þannig að sköpunargleði þeirra finni sér farveg og stelpur 9-13 ára eru áberandi sterkari en strákar í forritun. Samt er engin kennsla í forritun, hvorki í grunnskóla né framhaldsskóla. Ungir nemendur temja sér forritun á ómeðvitaðan hátt ólíkt því sem gerist meðal eldri nemenda. Það þarf því ekki menntaðan forritara til að kenna forritun í grunnskóla.

Þá eru flestir námsráðgjafar með félagsfræðimenntun, hafa takmarkaða þekkingu á iðn- og verkmenntun og geta því lítið ráðlagt á því sviði. Það er mjög mikilvægt að atvinnulífið, fyrirtækin og samtök þeirra, verði virkari við að kynna sína starfsemi í skólum landsins. Með því að kynna betur þá möguleika sem til staðar eru má hugsanlega draga úr brotthvarfi úr skólum og auðvelda fólki að finna námsleiðir og störf þar sem geta þess og hæfileikar nýttast best.

Fyrirtækin þurfa að ná betur til ungs fólks

Leggja verður áherslu á sköpunargleði nemenda í yngri bekkjum grunnskóla og nýta nútímatækni við kennsluna. Mennta þarf börn og unglunga til að vinna saman og tengja tæknina við sem flest áhugasvið.

Hvetja þarf því börn og unglunga til að láta reyna meira á hug og hönd á sem fjölbreyttustum sviðum, Legokeppni í grunnskólum og snilldarlausnir Marel í framhaldsskólum vísa á þá leið.

Það er nauðsynlegt að tengja betur saman menntakerfið og atvinnulífið strax í grunnskóla og svo á öllum skólastigum. Það verður að rífa niður girðingar á milli atvinnulífs og menntakerfisins. Nauðsynlegt er að atvinnulífið eigi frumkvæði að því að þessi mál verði sett í forgang. Einnig er mikilvægt að auka fagmennsku og umræðu á milli ólíkra hópa í stað þess að stálin stinn mætist. Eyða þarf tortryggni og ótta milli vísindanna og almennings. Miklir möguleikar felast í því að samnýta hátækni og náttúru, sbr. tækifæri lífvisinda í heilbrigðisgeiranum.


Július Kristinsson, Orf líftækni:

„Lífvisindin eru eins og vannýtt fiskimið. Það vantar útgerðarmenn og fjármagn. Einnig skortir fólk með áhuga á líftækni og atvinnurekstri.“

Svana Helen Björnsdóttir, Stiki:

„Það vantar fólk í hátækniyrirtækin og engin breyting fyrirsjáanleg. Nauðsynlegt er að tengja saman háskólana og fyrirtækin. Í Þýskalandi verða menn ekki prófessorar án þess að hafa sannað sig í atvinnulífinu.“

Íbúar, 25-35 ára, með tæknimenntun á háskólastigi Fjöldi pr. 100.000 starfandi árið 2008



Heimild: OECD. Education at a Glance 2011



Komdu með hugmynd:
www.uppfaerumisland.is



MATVÆLA- LANDIÐ



MATVÆLALANDIÐ

Aðstæður til matvælaframleiðslu eru ákjósanlegar á Íslandi. Gjöful mið eru umhverfis landið. Þangað sækjum við verðmæti sem eru eftirsótt á heimsmarkaði. Fiskistofnarnir eru nýttir af ábyrgð og ekki er gengið á möguleika komandi kynslóða til að nýta þá. Hafið hentar vel til fiskeldis. Á landi höfum við nægt landrými og landgæði til framleiðslu margs konar landbúnaðarafurða. Enginn skortur er heldur á hreinu köldu vatni. Jarðvarmi finnst á fjölmörgum stöðum á landinu sem er vel nýtanlegur til matvælaframleiðslu, t.d. í fiskeldi og garðyrkju. Hreinleiki íslenskrar náttúru og sjálfbær nýting náttúruauðlinda hefur mikið gildi.

Stærri framleiðslufyrirtæki og lægri einingarkostnaður

Það sem hamlar hagkvæmri og samkeppnisfærri matvælaframleiðslu hér á landi er oft að framleiðslufyrirtækineru of lítil og einingarkostnaður þar með of hár. Þá er skortur á samkeppni í landbúnaði, m.a. vegna innflutningsverndar og opinberra styrkja til greinarnnar. Þar sem innflutningsvernd hefur verið felld niður, t.d. á sælgæti og grænmeti, hafa innlendir framleiðendur blómstrað í kjölfarið. Framleiðslueiningar þurfa að stækka verulega til að ná fram lægri einingarkostnaði og meiri hagkvæmni. Það er grundvallaratriði að vörur framleiddar hér á landi til útflutnings standi á eigin forsendum og að kaupandi sé til staðar að þeim án niðurgreiðslu og styrkja. Áframhaldandi sveiflur í gengi íslensku krónunnar munu gera matvælaíðnaði erfitt fyrir á erlendum mörkuðum, en í ljósi fámennis er arðbær útflutningur matvælaframleiðslu mikilvægur fyrir áframhaldandi þróun í greininni.

Nýsamþykkt matvælaöggjöf felur í sér tækifæri til meiri sérhæfingar t.d. hjá afurðastöðvum. Möguleikar felast í að hagræða og auka framleiðslu til að nýta á opnum erlendum mörkuðum. Innganga í ESB ef til kemur mun breyta miklu fyrir matvælaíðnaðinn. Það er hyggilegt að matvælagreinarnar undirbúi sig undir að mæta aukinni samkeppni og undir aukna möguleika til útflutnings. Sú kortlagning getur vísað á leiðir og framleiðslu sem ekki hafa blasað við.

Vöxtur matvælalandsins styður við aðrar greinar

Með því að auka matvælaframleiðslu aukast umsvif í öðrum greinum. Umhverfis veiðar og vinnslu sjávarafurða hafa orðið til mörg þjónustufyrirtæki sem þróa og smíða það sem til þeirra þarf, þar á meðal flóknar tæknilausnir. Aukin umsvif í fiskeldi auka fóðurframleiðslu, flutninga og alls kyns þjónustu. Nýta má afgangsortku frá eldinu til að hita upp gróðurhús, líkt og hugmyndir um ylræktarver á Hellsheiði til að rækta tómatu til útflutnings ganga út á.

Stóraukið landeldi leikur lykilhlutverk þar sem vistvænir orkugjafar og hreint vatn er nýtt við framleiðsluna. Fjölmörg lághitasvæði, sem til þessa hafa þótt of orkulítill, geta nýst í þessu skyni. Þar væri hægt að framleiða hágæðamatvæli allt árið um kring með stöðugu vöruframboði.

Mikilvægt er að tengja saman matvælaframleiðslu og móttöku ferðamanna. Veitingastaðir hafa lagt aukna áherslu á íslenskt og staðbundið hráefni. Allir vita hvað matarupplifun á ferðalagi hefur mikil áhrif á það hvernig mönnum líkar á viðkomandi stað. Veitingahúsamarkaðurinn í Reykjavík býður framleiðendum mikla möguleika til að koma vöru sinni á framfæri. Ef vel gengur skapar það möguleika á að komast í dreifingu hjá verslunum.

Reglufargan má ekki stöðva framþróun

Flókið regluverk takmarkar þróunar- möguleika og gerir framleiðendum erfitt fyrir. Endalausar tímabundnar leyfisveitingar sem krafist er til umsagnar ótrúlegs fjölda eftirlitsstofnana eru hrópandi dæmi um þunglamalegt kerfi sem dregur þrótt úr frumkvöðlum og hægir á uppbyggingu atvinnulífsins. Sem dæmi má taka há vörugjöld og ásanar opinberra eftirlitsaðila um óhollustu ákveðinna tegunda íslenskrar framleiðslu. Sælgætisiðnaður, ísgerð og gosdrykkjariðnaður eiga undir högg að

sækja og sífellt eru lagðar nýjar kvaðir á greinarnar. Allt óhóf í mat og drykk getur verið skaðlegt heilsu manna en hófleg neysla framangreindrar framleiðsluvöru er ekki skaðlegri en önnur neysla matvæla.

Matvælalandið kallar eftir menntuðu fólki og markvissari menntun

Það skiptir matvælalandið miklu að grunnstoðir menntakerfisins séu sterkar. Áhugi á matvælatengdu námi hefur verið lítill undanfarin ár. Fyrirtækin hafa verið ötul við að halda námskeið fyrir starfsfólk sitt og nokkur fengið stuðning starfsmenntasjóða. Í sumum greinum matvælaframleiðslu hefur þurft að flytja inn fólk erlendis frá, m.a. hefur verið skortur á fólki sem er menntað í kjötvinnslu og slátrun. Margvíslegt nám fer fram í Menntaskólanum í Kópavogi á sviði hótél- og matvælagreina og miklu skiptir að gott samstarf ríki á milli skólans og fyrirtækjanna í greininni. Efla þarf starfstengt nám og nýta væntanlegan vinnustaðanámssjóð. Fyrirtækin verða að vera dugleg við að kynna starfsemi sína í skólunum og gefa áhugasömum nemendum kost á að kynna sér margs konar starfsemi með heimsóknum og kynningum.

Mikilvægt er að matvælafræðin verði tengd námi í raunvísindum í háskólunum. Eðlilegt er að hún tengist líffræði, efnafræði,

tæknifræði og verkfræði. Nú er kennsla um matvæli mjög dreifð og fer fram í Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum og heyrir svo undir heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Hér er sannarlega verk að vinna til að samnýta kraftana betur. Að auki vantar sárlega fræðslu um matvæli og næringu bæði í grunn- og framhaldsskólum. Auka þarf almenna þekkingu á því hvernig matvæli verða til og hvernig eigi að umgangast þau. Háskólinn í Reykjavík á að hafa burði til þess að bjóða upp á nám sem fléttar saman þekkingu á matvælaframleiðslu, markaðsfræði og rekstri eða þróa það í samstarfi við atvinnulífið. Þar sem gríðarleg tækifæri eru til staðar í matvælavinnslu verður einnig að hvetja ungt fólk til að velja sér starfsnám tengt matvælum.

Matvælarannsóknir um allt land

Rannsóknir og nýsköpun eru matvælaframleiðslunni mjög mikilvæg. Rannsóknastofnanir, háskóla og atvinnulífið verður að tengja betur saman. Matis ohf. hefur verið mjög iðið við að tengjast fyrirtækjunum í sjávarútvegi og má benda sérstaklega á tengsl stofnunarinnar við fyrirtækin í Skagafirði og uppbygginguna á Höfn. Svipað samstarf víðar um land gæti skilað mikilli verðmætasköpun.

Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís:

„Það þarf ekki alltaf háskólagráðu til að uppfæra fólk. Landið, vatnið og orkan er gullnáman okkar.“


Finnur Árnason, Hagar:

„Það þarf að uppfæra aðra matvælaframleiðslu á sama stig og sjávarútveginn. Niðurgreidd vara verður aldrei hæf til útflutnings.“

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, Íslensk matorka:

„Fyrirsjáanleg er vaxandi eftirspurn eftir eldisfiski og öðrum matvælum sem framleidd eru á sjálfbæran hátt. Með vistvæna orku, nægt vatn og landrymi eru tækifærin hér á landi gríðarleg.“





ÞJÓNUSTULANDIÐ



ÞJÓNUSTULANDIÐ

Verslun og þjónusta verða sífellt mikilvægari atvinnugreinar og hlutur þeirra í landsframleiðslu hefur vaxið stöðugt. Framleiðni og samkeppnishæfni verður einnig að aukast innan þeirra því að öðrum kosti verður erfiðara að halda vel menntuðu fólki við störf hér á landi. Huga þarf að þjónustugreinum þar sem samkeppnisstaðan er best og leggja áherslu á að auka verðmætasköpun þar, um leið og hlúð er að þróun þjónustu sem orðið hefur til í kringum stærstu útflutningsgreinarnar, álframleiðslu, ferðaþjónustu og sjávarútveg.

Mikil tækifæri í rafrænum viðskiptum

Samspil þjónustu og framleiðslu ásamt tengingum þar á milli verður æ mikilvægara á komandi árum. Íslendingar geta hagnýtt betur þekkingu m.a. með því að nota tækni og upplýsingar meira en nú er gert. Margt bendir til að íslensk fyrirtæki eigi veruleg sóknarfæri til að auka rafræn viðskipti sín. Þau virðast verja lágu hlutfalli kostnaðar við auglýsingar og markaðssetningar á netinu og rafræn viðskipti eru ekki mæld hér á landi. Rafræn viðskipti Íslendinga virðast aðallega vera við erlend fyrirtæki. Nauðsynlegt er að innviðir fjarskiptaþjónustunnar hér á landi verði áfram í fremstu röð. Þróunin á þessu sviði er ákaflega hröð og haldi menn ekki vöku sinni dragast þeir fljótt aftur úr.

Verslun og þjónusta á netinu er lítt háð fjarlægðum og getur þróast á óvæntan hátt í umhverfi þar sem fjölbreytt menntun er til staðar. Þá hefur hvers konar upplýsinga- iðnaður verið vaxandi en samkeppni við erlendar upplýsingaveitur eykst stöðugt. Þekking á vörunni sem er í boði og góð þjónusta sem viðskiptavinurinn sækist eftir eru lykilatriði fyrir velgengni fyrirtækja í þessari grein.

Flestar þjónustugreinar og margar framleiðslugreinar geta tengst ferðaþjónustu með aukinni samvinnu og betra skipulagi og markaðssetningu þjónustunnar. Íslensk matvæli, hrein orka, sérstök náttúra og sérstaða strandríkja í norðurhafi eru verðmætir efniviðir til að auka verðmætasköpun þjónustulandsins.

Samkeppnishæfur fjármálamarkaður mikilvægur fyrirtækjum

Samkeppnishæf starfsskilyrði fjármálamarkaðarins eru nauðsynleg fyrir fjármálafyrirtæki og viðskiptavinum þeirra. Nauðsynlegt er að fjármálafyrirtækin séu í stakk búin til þess að þjóna þörfum viðskiptavina sinna og þau gegna lykilhlutverki við uppbyggingu og endurnýjun atvinnulífsins. Það þýðir t.d. að eðlilegur vilji, hæfni og geta til þess að taka áhættu þarf að vera fyrir hendi. Áhætta verður alltaf hluti af atvinnurekstri, sama hvaða atvinnugrein á í hlut. Þótt íslenski fjármálamarkaðurinn sé nú lokaður verður að gera ráð fyrir því að opið verði í framtíðinni fyrir erlenda samkeppni. Margir viðskiptavinir bankanna eiga í samkeppni á erlendum mörkuðum eða keppa við erlenda aðila á heimamarkaði og samkeppnishæfni

þeirra fer m.a. eftir aðgangi þeirra að lánsfé og kjörum á fjármálaþjónustu.

Virkur hlutabréfamarkaður er atvinnulífina nauðsynlegur. Þangað geta fyrirtækin sótt sér áhættufé til rekstrar og sérstaklega er mikilvægt að fyrirtæki í örum vexti eigi greiðan aðgang að markaðnum og jafnvel að skattafsláttur eftir ákveðnum reglum fylgi kaupum á hlutabréfum eins og áður tíðkaðist.

Sumarvinna er dýrmæt reynsla

Mikilvægt er að foreldrar og skólakerfið kenni börnunum skipulögð vinnubrögð og að árangur í námi og starfi er í beinu sambandi við ástundun og iðni. Því meira sem menn leggja á sig þeim mun meira bera þeir úr bítum. Atvinnulífið verður að gefa nemendum í framhaldsskólum og háskólum tækifæri til að ná sér í dýrmæta reynsla með því að starfa innan fyrirtækja og kynnast gangverki atvinnulífsins. Það þarf að vera ákveðinn sveigjanleiki milli bóknáms og verknáms.

Háskólarnir leggja áherslu á að taka inn sem flesta nemendur og að námið sé eins ódýrt og hægt er. Betra væri að taka inn færri fólk og leggja meiri áherslu á gæði. Próffessorarnir ættu að vinna með fyrirtækjunum og koma að rannsóknum og verkefnum til að auka verðmæti og taka þátt í nýsköpun með atvinnulífina. Rannsóknir sem tengjast þjónustu og viðskiptum hafa verið allt of umfangslitlar.

Guðmundur Stefán Björnsson, Síminn:

„Fjarskipti eru nauðsynlegir innviðir sem styðja við aðra uppbyggingu. Framfarir í fjarskiptum verða stöðugt hraðari og það er mjög dýrt að fylgja þeim eftir. Innviðir fjarskipta eru framarlega á Íslandi en það þarf að vera hvati til fjárfestinga í greininni svo að við höldum áfram að vera í fremstu röð.“

Emil B. Karlsson, Háskólinn á Bifröst:

„Það er ekki hægt að velja hvaða atvinnugrein muni blómstra og hverjar ekki. Grunnurinn verður að vera þannig að allar atvinnugreinar geti spjarað sig.“

Sigríður Margrét Oddsdóttir, Já.is:

„Já er með frábæra forritara en þegar þeir fara frá fyrirtækinu ráða þeir sig ekki til samkeppnisaðila á Íslandi heldur fara til Bandaríkjanna eða Noregs.“





LANDSKÖPUNAR OG AFFREYINGAR



LAND SKÖPUNAR OG AFÞREYINGAR

Starfsemi á sviði afþreyingar, menningar og upplifunar verður æ mikilvægari í vestrænum samfélögum. Framboð á afþreyingu hefur aukist á síðustu árum á sama tíma og fólk og ferðamenn sækjast æ meir eftir einstakri upplifun. Veiði, snjósleðaferðir, gönguferðir, fuglaskoðun, hvalaskoðun, golf og maraþonhlaup svo fátt eitt sé nefnt er nú hluti þess sem ferðamanninum býðst.

Svæðisbundin uppbygging kallar á klasasamstarf fyrirtækja

Svæðisbundin uppbygging á sögu- og menningartengdri afþreyingu hefur aukist þar sem dregin er fram sú sérstaða sem svæðið býr yfir. Það er að koma í ljós að unnt er að eiga verulegar góðar stundir í fríi á vetrum á Íslandi ekki síður en á sumrin. Nokkuð skortir þó á að framboð á afþreyingu sé nægt að vetri til enda þarf þá að kosta meiru til við að njóta landsins en annars. Klasasamstarf fyrirtækja á tilgreindu svæði er lykill að nægjanlegu framboði á afþreyingu allan ársins hring.

Mikil gróska er á sviði hönnunar sem býr yfir einstökum möguleikum til sköpunar og endursköpunar. Hönnun er auðlind sem allar greinar geta notið góðs af. Tækifærin eru óþrjótandi en greinina skortir þekkingu og rannsóknir.

Eftirspurn eftir afþreyingu í gegnum fjölmiðla mun halda áfram að vaxa. Á næstu árum munu möguleikar á fjölmiðlun um

netið aukast og smám saman verða hið hefðbundna form. Fjölmiðlar munu áfram hafa áhrif á skoðanamyndun í þjóðfélaginu. Samkeppni fjölmiðla við markaðsráðandi ríkisfjölmiðil sem hefur til ráðstöfunar háa fjárhæð af skattfé takmarkar möguleika þeirra sem starfa á almennum markaði til nýrrar sköpunar og tækniþróunar ásamt því að eyðileggja rekstrargrundvöll í greininni.

Fagmennska, verðmæti og upplifun eru grunntónar uppbyggingar

Hröðun tæknibreytinga á síðustu 15 árum hefur verið mikil. Flestum reynist erfitt að fylgjast með þessum breytingum þannig að þær nýtist viðkomandi til aukins fjölbreytileika á sviði sköpunar og afþreyingar. Íslendingar búa við einstök verðmæti í umhverfi, náttúru, menningu og sögu sem vekja áhuga útlendinga. Hér er efniviður til að hugsa stórt þegar kemur að sköpun og afþreyingu fyrir ferðamenn. Markaður hefur skapast fyrir dýrar íslenskar hönnunarvörur sem búa yfir einhverju sérstöku.

Forsenda árangurs á þessu sviði er að leggja rækt við fagmennsku og sinna nýsköpun. Viðhalda þarf þeirri sýn að hlutirnir séu vel gerðir og vandaðir. Þjónustan verður að standa undir væntingum. Koma þarf upp arðsömum fyrirtækjum í hönnun, afþreyingu og ferðamennsku. Það á ekki að auglýsa Ísland sem ódýran áfanga- og dvalarstað, heldur að leggja áherslu á upplifunina. Íslendingar þurfa að vera eigingjarnir gagnvart landinu og finna leiðir til að takmarka aðgang að viðkvæmri

náttúru. Erfitt er að verja náttúruperlur nema að það kosti að skoða þær.

Miklir framtíðarmöguleikar eru tengdir baðmenningu og matarmenningu. Þar er sérstaða Íslands ótvíræð. Stórbættur matariðnaður og góðir kokkar skila góðum veitingastöðum sem erlendir gestir dásama. Nýsköpun og vöruþróun og gæði eru lykilatriði. Tónlistarviðburðirnir *Iceland Airwaves* og *Aldrei fór ég suður* eru dæmi um góða vöruþróun sem skilað hefur árangri. Með því að nýta tæknina opnast nýir möguleikar og sameiginleg gátt að miðasölu eykur eftirspurn eftir listviðburðum.

Til að laða að fólk sem er tilbúið að eyða hér peningum þá þurfa innviðir að vera í lagi. Í huga fólksins eiga að sitja eftir einstakar minningar um upplifun og góða þjónustu. Ferðafólk vill upplifa og taka þátt í amstri heimamanna. Fólk ferðast í auknum mæli á eigin vegum og pantar sjálft á netinu. Aukinn áhugi er fyrir því smáa og hlýlega, litlir veitingastaðir og litlar verslanir laða að.

Rannsóknir og menntun er forsenda framþróunar

Byggja þarf undir og styðja við nýjar vörur með rannsóknum og framlögum úr þróunarsjóðum. Með auknu samstarfi hönnuða og bænda er farið að vinna með afurðir í landbúnaði öðru vísi en áður. Mikilvægt er að varðveita verkþekkingu og handbrögð sem eldri kynslóðir hér á landi tileinkuðu sér þar sem gæði höfðu meira vægi en magn.

Menntun er lykilatriði til að sköpun og afþreying geti vaxið og dafnað og nýtt tækifærin sem til staðar eru. Menntakerfið þarf að vera sveigjanlegt og brjóta þarf niður múra innan skólakerfisins svo það hamli ekki framþróun. Efla þarf iðnmenntun svo til sé menntað fólk sem getur stjórnað framleiðsluvélum og séð til þess að þær séu í lagi.

Háskólarnir þurfa að vinna meira saman og vera tilbúnir að breyta sínu vinnulagi. Stofnun og starfsemi Listaháskóla Íslands hefur hrundið af stað aukinni þekkingu og áhuga á hönnun. Þannig hefur t.d. ferlið í kringum fatahönnun tekið stórstigum

framförum. Prisma var nýtt þverfaglegt diplómanám sem Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst skipulögðu í samvinnu við Reykjavíkur Akademiuna. Það er tilnefnt til verðlauna á Norðurlöndunum fyrir að svara hvað best kröfum samtímans um menntun á atvinnumarkaði. Prisma námið nýttist sérstaklega þeim einstaklingum sem vildu efla færni sína í að starfa á fleiri sviðum en áður og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Samvinna skólanna og fyrirtækja við hönnun, rannsóknir og vöruþróun er lykilatriði til að unnt sé að nýta sagnaarfinn, landið og menninguna til aukinnar verðmætasköpunar.

Grímur Sæmundsen, Bláa Lónið: „Við eigum að hugsa um að fá milljón af hverjum ferðamanni í stað þess að fá milljón ferðamenn en til að ná því verða innviðir að vera mjög traustir og þjónusta góð.“

Kristín Gunnarsdóttir, Hönnunarmiðstöð Íslands: „Hönnun snýst um aðferðafræði, þekkingu, samtal og traust. Hönnun skapar verðmæti.“

Friðrik Pálsson, Hótel Rangá: „Það er ein grein sem stendur upp úr. Það eru íslensku kokkarnir og veitingastaðirnir okkar.“





FERÐA- MANNALANDIÐ



FERÐAMANNALANDIÐ

Það er nánast uppselt í sumarleyfi á Íslandi. Við því er tvennt að gera. Það er hægt að stækka og bæta sumarleyfiskökuna og að byggja upp afþreyingu og aðstöðu svo að hægt sé að heimsækja landið allt árið. Það krefst hugmyndaauðgi að þróa vöru og þjónustu sem unnt er að bjóða upp á auk náttúrunnar sem er helsta aðdráttarafi ferðamanna. Það er unnt að bjóða upp á myrkur, kulda, einangrun, borgarstemmingu, matarupplifun, hönnun, vörur, listir og menningu. Eins og annars staðar í atvinnulífinu styður eitt annað. Ef vel tekst til við að gera landið að fjölsóttum áfangastað allt árið, verða störf í ferðapjónustu ekki vertíðarvinna. Það byggir enn upp metnað í greininni og ferðapjónusta verður atvinnugrein þar sem fólk getur sótt sér frama.

Sterkur grunnur til að byggja á.

Þjónusta við ferðamenn er ung atvinnugrein sem hefur verið í örur vexti á undanförunum áratug. Áherslan innan greinarinnar hefur verið sú að fjölga ferðamönnum. Sakir veðráttu hefur fjölgunin orðið mest yfir sumartímamann en þó hefur tekist að fjölga nokkuð ferðamönnum að vori og hausti. Ícelandair hefur undanfarin tvö ár varið miklu fé til að fá fleiri til að ferðast til Íslands yfir vetrarmánuðina. Fyrirtækið hefur áform um að auka framboð í flugi um 30-40% næsta vetur. Þá hafa stjórnvöld stutt við bakið á fyrirtækjum í ferðapjónustu í tengslum við átökin *Inspired by Iceland* og *Ísland allt árið*. Markmiðið er að fjölga ferðamönnum utan háannatímans um 10-12% árlega. Flugklasinn á Íslandi skilar miklu til þjóðarbúsins eins og kom fram í nýlegri skýrslu um efnahagslegan ábata af flugrekstri en þar kemur m.a. fram að flugreksturinn skilar 102 milljörðum króna (6,6%) til vergrar landsframleiðslu á Íslandi. Hann stendur beint og óbeint undir tugþúsundum starfa, skilar umtalsverðum skatttekjum og flytur rúmar tvær milljónir farþega til og frá Íslandi og hátt í hálfu milljón innanlands.

FRAMBOÐ Á FLUGSÆTUM TIL ÍSLANDS NÆSTA VETUR EYKST UM 30-40%.

30-40% starfsmanna í ferðapjónustu eru ófaglærðir.

Tækifærin í ferðapjónustunni eru mörg og eru háð margvíslegum þáttum. Veigamesta forsenda þess að ferðapjónustan geti orðið enn öflugri og standist samkeppni við aðrar þjónustugreinar er að unnt verði að bjóða fólki störf allt árið og til framtíðar. Aukin áhersla á að fjölga ferðamönnum þann hluta ársins sem dagur er skemmi en nóttin styður það. Jafnframt þarf viðhorfsbreytingu atvinnurekenda og almennings til greinarinnar og starfa innan hennar og trú á að greinin geti boðið upp á heilsársstarfsemi.

Samstarf um heildstæða þjónustu

Það er þörf á fleiri stórum og öflugum fyrirtækjum í ferðamannalandinu. Um allt land verður að bjóða upp á heildstæða þjónustu allt árið. Bæði þá þjónustu sem nauðsynleg telst eins og að bjóða ferðamönnum upp á góðan mat á veitingastöðum og afþreyingu fyrir ferðamenn og íbúa svæðisins. Um allt land felast mikil tækifæri í að fá fleiri

innlenda ferðamenn til að sækja svæðið heim, sérstaklega yfir vetrartímamann. Ólíkt því sem gerst hefur á norðlægum slóðum á Norðurlöndum, t.d. Lapplandi og Lófóten hafa sveitarfélögin sýnt takmarkaðan áhuga á möguleikum ferðapjónustunnar til að styrkja búsetu.

Það verður að leggja áherslu á að ferðamenn snúi til síns heima á ný með jákvæða upplifun og minningu. Markaðssetning og markaðsstarf er dýrt þolinmæðisverk. Þess vegna er svo mikilvægt að veitt sé góð þjónusta í samræmi við þær væntingar sem búnar hafa verið til. Ferðapjónustan er viðkvæm atvinnugrein m.t.t. efnahagsástands, veðurs og náttúruhamfara. Því þurfa að vera margvíslegir möguleikar í boði. Fyrirtæki í öðrum rekstri, t.d. verslun, hafa áttað sig á mikilvægi ferðapjónustunnar í sínu starfi.

Ferðamannalandið þarfnast meiri sérfræðimenntunar

Það er gott svigrúm til að auka fagmennsku í greininni. Um 30-40% starfsmanna eru ófaglærðir og hlutfallið er hæst innan veitingastarfseminnar. Til að fleiri vilji mennta sig og sækjast eftir störfum við ferðapjónustu þarf fólk að sjá fyrir sér framtíð, frama og uppbyggingu innan greinarinnar. Á boðstólum er skipulagt nám hjá Háskólanum á Hólum og í Háskóla Íslands. Ferðamálafræði í Háskóla Íslands er hluti af líf- og umhverfisvísindum og fjallar um ferðalög sem félagslegt fyrirbæri, þ.e. að skilja orsakir og eðli ferðalaga og áhrif þeirra á samfélög og umhverfi. Ferðamálafræðing skortir því menntun á sviði rekstrar, stjórnunar og

markaðssetningar, sem skiptir höfuðmáli í greininni. Samtök ferðapjónustunnar og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hafa sett upp nám, Færni í ferðapjónustu I og II, sem er metið til eininga á framhaldsskólastigi. Ungt fólk sem hefur sótt þetta nám hefur margt fengið störf innan geirans til frambúðar að námi loknu. Loks er boðið upp á margvísleg námskeið tengd ferðapjónustu sem haldin eru af ýmsum aðilum, oft fyrirtækjunum sjálfum.

Í framhaldsskólum er þörf á auknu námsframboði sem nýtist í ferðapjónustu. Byggja þarf upp starfstengt nám, þar sem leiðum er haldið opnum til meistaraþrófs og framhaldsmenntunar á viðkomandi sérsviði. Einnig þarf að huga að frekari möguleikum til símenntunar, t.d. í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Tækniskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Mikilvægt er að menntastofnanirnar vinni saman og kalli eftir sjónarmiðum fyrirtækjanna og samtaka þeirra. Einnig þarf að vera í boði nám um margs konar afþreyingu og leiðsögn sem er sambærilegt námi sem unnt er að stunda erlendis. Mikilvægt er að horfa til sérhæfðrar menntunar sem er annars staðar í boði og læra af því. Þannig hafa verið fengnir leiðbeinendur í fjallaleiðsögn erlendis frá, t.d. Nýja-Sjálandi og Ástralíu, til að þjálfa og mennta fólk til starfa hér á landi.

Gæði þjónustunnar er lykilatriði

Taka þarf vel á móti fólki og þjónustan verður að vera fyrsta flokks. Hvarvetna þarf starfsfólk með almenna þekkingu á landinu og gæðum þess. Efla þarf kunnáttu til að taka á móti og koma fram við fólk af ólíku þjóðerni. Til að ferðapjónustan geti orðið að heilsársgrein þarf fólk sem í henni starfar að temja sér mikla þjónustulund. Flestir sem starfa í ferðapjónustu eru þjónustufólk í framlínu. Foreldrar og skólar verða að temja börnum og ungmennum jákvætt viðhorf til náungans og vilja til að láta sig varða líðan annarra. Áhersla á góða þjónustu eykur virðingu fyrir störfunum og um leið verða þau vænlegri sem framtíðarstörf. Þá hefur reynst erfitt að fá fólk í ferðapjónustu til að vinna þegar flestir aðrir eiga frí, t.d. um jól og áramót.

Á undanförunum árum hefur sú breyting átt sér stað að ferðamenn sækjast sífellt meira eftir afþreyingu en áður. Sagan, menningin, náttúra landsins og gæði þess geta verið endalaus uppspretta hugmynda um afþreyingu sem unnt er að bjóða ferðamönnum. Hér má að læra af þeim þjóðum sem náð hafa hvað bestum árangri í að laða til sín ferðafólk.

Skapa þarf vettvang og hvatningu fyrir nýsköpun í ferðapjónustu og fá fé til skipulegra rannsókna í greininni sem verði öllum aðgengilegar. Miklu skiptir að finna leiðir til að búa til ný tækifæri, vöru og nýja afþreyingu. Það þarf að skoða stöðu greinarinnar, viðhorf ferðamanna og áherslur, til að styðja við markaðssetningu fyrirtækja.

Björgólfur Jóhannsson, Icelandair Group:

„Við setjum 3 milljarða króna í markaðssetningu á ári og nú ætlum við auka framboð á flugi næsta vetur um 30 – 40%.“

Ingibjörg G. Guðjónsdóttir, Íslenskir fjallaleiðsögumenn:

„Ferðamenn hafa áhuga á að læra, þeir vilja upplifa eitthvað sem tengist þeirra eigin áhugamálum. Það verður að auka rannsóknir til að átta sig betur á því eftir hverju ferðamenn eru að slægjast til að geta betur uppfyllt væntingarnar.“

Guðrún Jóhannesdóttir, KOKKA:

„Það er nauðsynlegt að veita góða þjónustu og sýna gott viðmót og kurteisi. Það er ekki spurning um menntun heldur viðhorf.“



SJÁVARLANDIÐ



Fyrirtæki í sjávarlandinu hafa tekið stórstígu framförum undanfarinn aldarfjórðung. Með mikilli hagræðingu og innleiðingu á hátækni í veiðum og vinnslu hefur fjárhagsstaða fyrirtækja batnað mjög. Ný tækni hefur gert það kleift að vinna verðmætari vöru og nýta hráefnið til fullnustu. Með auknum rannsóknum hafa þróast aðferðir til að vinna verðmæti úr fleiri tegundum sjávarfangs. Fyrirtæki sjávarlandsins eru burðarstólpar í íslenskum útflutningi og styrkleiki íslenska gjaldmiðilsins er að stórum hluta kominn undir arðsemi þeirra og verðmætasköpun sem þar verður til.

Fyrirtæki sjávarlandsins byggja á þróaðri hátækni

Hagræðing, þróaðri tækni og meiri sjálfvirkni hefur gerbreytt störfum í sjávarútvegi og fært þau til hærri launa. Þar má nefna starfsmenn sem sinna rannsóknum og markaðsmálum sem leitt hafa til betri nýtingar og verðmætari markaða. Þannig hafa verðmætin aukist jafnt og þétt þrátt fyrir minni afla í mikilvægum tegundum. Þá hefur störfum fjölgað í margháttuðum tækni-, þjónustu – og þekkingarfyrirtækjum sem þjónusta sjávarútveginn. Í sjávarlandinu starfa nú fyrirtæki með fjölbreyttari framleiðslu sem sum hver hafa þróað aðferðir sem nýst hafa í sjávarútvegi og matvælavinnslu um allan heim.

Frekari tækniþróun, nýting fleiri tegunda sjávarfangs til mannelis og bætt markaðssetning kallar á margháttaðar breytingar og fólk til vinnu með fjölbreyttari menntun en áður. Auk hefðbundinna starfa við skipstjórn, vélar, vélsmiði og fiskvinnslutæki er þörf á margvíslegum iðnaðarmönnum og verkfræðingum, auk markaðsfólks, hönnuða og stjórnenda.

Flest öflugustu og tæknivæddustu fyrirtækin í sjávarútvegi og tengdri starfsemi hafa starfað um áratugaskeið og eru dreifð um byggðir landsins. Þau hafa verið burðarásar í sinni heimabyggð og verið

mikilvægur bakhjarl í þróttu, tómsunda og menningarlífs á viðkomandi svæði. Samdráttur afla í hefðbundnum tegundum og aukin tækni hafa að sjálfsögðu leitt til þess að fyrirtækjum hefur fækkað í greininni en það hefur gerst fyrst og fremst á rekstrarlegum forsendum án stórfelldra gjaldþrota. Það er mikil breyting frá því sem áður var þegar gengisfellingar og inngríp stjórnvalda voru nánast árviss viðburður. Neikvæð pólitísk umræða um sjávarútveginn hefur hugsanlega latt ungt fólk til að mennta sig til starfa innan greinarinnar, en það hvílir á fyrirtækjunum sjálfum í samvinnu við fólk í heimabyggð að snúa þeirri neikvæðu umræðu við.

Arðbær nýting sjávarauðlindarinnar er uppspretta fjölbreyttra starfa

Það er áskorun til fyrirtækja í sjávarlandinu að fá til liðs við sig á næstu árum ungt fólk með fjölbreytta menntun til að sinna spennandi og krefjandi störfum. Sjávarútvegsfyrirtækin þurfa því markvisst að kynna starfsemi sína og þá tækni og sérhæfingu sem þar er við höfð fyrir nemendum í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum.

Margar menntastofnanir bjóða upp á góða menntun sem nýtist í starfsemi sjávarlandsins. Þar má nefna nám í skipstjórn og vélstjórn, nám í

sjávarútvegsfræðum og nám í fiskvinnslutækni. Almennt þarf í ríkari mæli að flétta verknám inn í grunnám til stúdentsprófs. Í ljósi mikilvægis sjávarauðlinda landsins þurfa stjórnendur menntamála að tryggja að á öllum skólastigum sé framboð á námi í matvælavinnslu og meðhöndlun matvæla. Heimsóknir í fyrirtæki sjávarlandsins gætu verið hluti þess náms. Þannig kemst ungt fólk í betri snertingu við útgerð og fiskvinnslu.

Sífelldar tækninýjungar og breytt verkferli kallar á samstarf fyrirtækja sjávarlandsins og framhalds- og háskóla um símenntun í sjávarútvegsfræðum og margvíslegum iðn- og tæknigreinum. Mikilvægt er að stór hluti arðs af auðlindum sjávar fari til frekari uppbyggingar og þróunar innan greinarinnar.

Íslendingar ráða yfir fiskveiðilögsögu sem er um 760 þúsund ferkílómetrar að stærð, en aðeins 6 ríki í Evrópu ráða yfir stærri lögsögu. Innan lögsögunnar og á alþjóðlegu hafsvæði utan lögsögunnar er kerfi hafstrauma sem leggja grunn að öfluglu lífríki sem skapar aðstæður fyrir nokkra af stærstu fiskistofnum í Norður-Atlantshafi. Rannsóknir á þeim, þróun þeirra og áhrifum þeirrar þróunar á lífríkið hefur gildi langt út fyrir landsteinana. Hér er því verk að vinna sem kallar á samstarf háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Þannig verða til ný og vellaunuð störf í sjávarlandinu í stað þeirra sem ný tækni hefur tekið yfir. Engum er greiði gerður með því að halda í gamla tækni til að koma í veg fyrir hagræðingu. Það er bæði óhagkvæmt og grefur undan greininni.



Pétur H. Pálsson, Vísir hf.:

„Við stefnum að því að nýta allt eggjahvítuefni sem kemur að landi. Tæknivæðingin er hröð og eitt tæki í saltfiskvinnslunni hjá okkur gerði að verkum að starfsfólki þar fækkaði um 6 – 7%.“

Jón Kjartan Jónsson, Samherji / Íslandsbleikja:

„Það er mest eftirspurn eftir fólk með almenna iðn- og tæknimenntun í sjávarútvegi. Þessum greinum þarf að sýna meiri virðingu.“

Eggert Benedikt Guðmundsson, HB Grandi:

„Fjöldi erlendra þingnefnda sækist eftir að heimsækja og skoða fyrirtækið en það er hending ef íslenskur þingmaður lætur sjá sig.“



A black and white photograph showing several men working in a field. In the foreground, a man in a dark jacket and glasses is pushing a wheelbarrow filled with soil. To his right, another man wearing a cap and glasses is working with a tool on a wooden structure. The background shows a vast, open landscape under a clear sky, with a few more figures visible in the distance. The overall scene depicts manual labor in an agricultural or construction setting.

LAND IÐNAÐAR OG ORKUNÝTINGAR

LAND IÐNAÐAR OG ORKUNÝTINGAR

Nær ómögulegt er að spá fyrir um þróun á sviði iðnaðar og orkunýtingar næstu 30 árin því stundum tekur atburðarásin óvænta stefnu. Marel, Össur og CCP eru dæmi um starfsemi sem ekki var fyrirséð fyrir um 30 árum. Öflug hefðbundin iðn- og tæknifyrirtæki er sá grunnur sem þarf að vera til staðar ásamt sprotafyrirtækjum sem búa yfir þekkingu, krafti og getu til að vaxa mikið og hratt.

Græn tækni nýtir betur auðlindir og eykur verðmæti

Ísland býr yfir gnótt endurnýjanlegra orkugjafa í fallvötnum og jarðvarma. Hér er framleidd hrein orka á samkeppnishæfu verði. Nýjar greinar hafa skotið rótum á sviði grænnar tækni þar sem meira en áður er horft á hvernig betur megji nýta orkuna, t.d. nýting affallsorku í gróðurhúsum og jarðvarma til fiskeldis. Jafnframt er horft til frekari nýtingar orkulinda utan suðvestursvæðisins sem kallar á styrkingu innviða og flutningsmannvirkja víða um land. Markviss stefna, um nýtingu orkulinda á grunni rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða og góð sátt er um, gæti orðið grundvöllur að uppbyggingu verk- og tæknigreina sem hafa með hönnun og byggingu orkuvera að gera og tengdra fyrirtækja sem nýta orkuna. Mikil og vaxandi eftirspurn er eftir orku um allan heim, sérstaklega svokallaðri endurnýjanlegri orku. Þótt jarðhitanýting

sé afar mikilvæg hér á landi verður að koma auga á að hún er örgrein á heimsvísu. Íslendingar eiga fáa sérfræðinga á sviði jarðhitanýtingar og þeir sem mennta sig í þeirri grein á Íslandi eru flestir útlendingar. Mikilvægt er að þar verði bætt úr.

Stóriðjan skilar miklu

Beint og óbeint framlag áliðnaðar til vergrar landsframleiðslu mældist u.þ.b. 85 til 96 milljarðar króna að jafnaði árin 2008-10. Þetta samsvarar u.þ.b. 6-6,8% af vergri landsframleiðslu. Auk þess kemur til óbeint framlag, þ.e. virðisauki sem myndast í tengdri starfsemi sem svarar til allt að 3,6% af landsframleiðslu. Hlutdeild álafurða í vöruútflutningi er nær 40%. Ætla má að um 4.800 manns starfi í áliðnaði og tengdum greinum eða um 2,7% vinnuafsisins. Af þessum fjölda starfa eru um 2.000 í álframleiðslu beint en um 2.800 í tengdum greinum. Auk álframleiðslunnar má svo telja kísiljárn- og álþynnufurframleiðslu. Uppbygging á þessu sviði hefur verið hægari en efni standa til undanfarin misseri vegna síbreytilegra rekstrarskilyrða, áforma um nýja skattheimtu og andstöðu ríkisstjórnar við erlenda fjárfestingu og nýjar virkjanir.

Skortur á verk- og tæknifræðingum

Mikil og fjölbreytt þekking er til staðar á margvíslegum sviðum í verkfræði og verkfræðiráðgjöf á Íslandi. Íslenski markaðurinn er hins vera svo lítill að nauðsynlegt er að byggja á sérstöðu og

styrkleikum og nýta alþjóðleg tengsl og tækifæri þar sem þau gefast eigi greinin að styrkjast og þróast eðlilega á komandi árum.

Æ fleiri íslenskar verkfræðistofur nýta sér hið alþjóðlega umhverfi og stofna útibú á erlendri grundu. Þannig hefur þeim tekist að auka umsvif sín og bæta þekkingu. Í tæknigreinum skiptir reynslan höfuðmáli. Verkfræðingur verður verðmætari eftir því sem hann eldist.

Verulegur skortur er á iðn- og tæknimenntuðu fólki og að óbreyttu mun það hamla þróun fyrirtækja í tækni- og hugverkaiðnaði. Rafmagnsgreinarnar í Háskóla Íslands hafa verið á undanhaldi síðastliðin 30 ár. Fáir mennta sig á sviði sterkstraums og skortur er á raforkuverkfræðingum. Þá er mikill skortur á vélaverkfræðingum og starfsfólki sem kann bæði á vélar og tækni. Skólarnir eru of lokaðir fyrir áhrifum að utan. Þannig virðist ríkja tortryggni innan háskólanna um samstarf við atvinnulífið og samstarf þessara aðila er erfiðara en áður. Tilraun til að koma að námi í orkuvinnslu í HÍ mætti t.d. andstöðu nemenda og kennara.

Fjölbreytt tæknistörf, gríðarleg tækifæri fyrir ungt fólk

Fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði og atvinnulífið almennt þurfa að meta hvernig megji fá fleiri ungmenni til að velja framhalds- og háskólanám í iðn- og tæknigreinum en nú er raunin. Það

er nauðsynlegt að sveigja rannsóknir háskólanna meira að þörfum atvinnulífsins og tengja betur en nú er atvinnulíf, rannsóknastofnanir og háskólana. Það er ekki skynsamlegt að dreifa takmörkuðu fé og fáu fólki milli allt of margra stofnana.

Efla þarf raungreinanám í grunn- og framhaldsskólum og gera það aðgengilegra og áhugaverðara fyrir yngri nemendur, sérstaklega stúlkur. Það er mikill ónýttur kraftur kvenna á tæknisviðinu. Atvinnulífið þarf að tengjast grunnskólanum og vera tilbúið til að upplýsa nemendur og foreldra þeirra og gefa þeim kost á að upplifa starfsemi iðn- og tæknifyrirtækja. Starfsnám þarf að efla sem og símenntun sem auðveldar starfsfólki að tileinka sér nýja tækni og starfsaðferðir. Hugsanlega mætti nýta þá sem eru að stíga sín lokaskref á vinnumarkaði til að aðstoða við skipulag náms í raun- og tæknigreinum í grunnskóla.

Kristinn Andersen, Marel:

„Hver hefði séð það fyrir 1980 að Marel væri að framleiða tölvur í massavís í Garðabæ og selja um allan heim?“

Guðmundur Þorbjörnsson, Efla verkfræðistofa:

„Verkfræðifyrirtæki og verkfræðipækking verða að halda áfram að vaxa og dafna, í því liggur grundvöllur að uppbyggingu á innviðum samfélagsins. Það verður að styðja með öllum ráðum við áframhaldandi grunn fjárfestingar í landinu, m.a. svo þessi þekking skolist ekki út. Ef það gerist verðum við að ýmsu leyti á byrjunarreit þegar uppbyggingin á endanum heldur áfram.“

Hákon Gunnarsson, Gekon:

„Fyrirtækin og háskólarnir þurfa að tala miklu meira saman. Í Danmörku er borin virðing fyrir þeim sem gera það vel sem þeir gera. Það er borin meiri virðing fyrir góðum bakara en lélegum lögfræðingi.“





LITLA ÍSLAND



LITLA ÍSLAND

Íslenskt atvinnulíf er byggt upp af litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Einstaka fyrirtæki hafa náð þeirri stöðu að teljast stór en öll eiga þau það sameiginlegt að hafa byrjað smátt en hugsað stórt.

Milljarðar úr þúsundköllum

Mörg lítil fyrirtæki skila hagnaði og eru því góð fyrirtæki sem leggja sitt til samfélagsins. Þau eru hins vegar ekki eins sýnileg og þau stóru og því gleymast þau oft, þau tala ekki einni röddu og stjórnámálamenn eru ekki upprifnir að fara á kaffistofufundi þar sem eru 1-2 starfsmenn að hlýða á boðskapinn. Þeir skyldu þó ekki gleyma þeim almæltu sannindum að milljarðar eru búnir til úr þúsundköllum.

Gulrótin rifin í burtu

Að undanfögnu hefur þrengt að rekstri smáfyrirtækja á Íslandi með ýmsum breytingum á rekstrarumhverfi og skattalögum sem dregur mjög úr hvata fólks til að taka áhættu og stofna fyrirtæki. Það er búið að takmarka mjög arðsvonina og í raun taka gulrótina af smáfyrirtækjunum sem hafa til þessa greitt tekjuskatt og getað greitt eigendum sínum arð þegar vel hefur gengið. Eftir sitja eigendurnir með mikla persónulega áhættu af rekstrinum og veika von um fjárhagslegan ávinning. Það er vont því það eru fyrirtækin sem munu ráða fleira fólk í vinnu þannig að atvinnuleysi minnki á Íslandi og lífskjör batni. Hagnaður og arður er grunnurinn að starfi litlu fyrirtækjanna. Það má ekki eyðileggja hann, því þá verður ekkert eftir.

Fyrirtækin þurfa súrefni

Litlum fyrirtækjum hentar ekki alltaf það sama og þeim stóru og mörg þeirra vilja ekki stækka eða vaxa mikið. Það er gott og blessað en þau eru mikilvægur hlekkur í verðmætasköpun þjóðarinnar og að þeim verður að hlúa. Ef þrengt er um of að smáfyrirtækjum og aðstæðum til að stofna fyrirtæki verður skrúfað fyrir allt súrefni til atvinnulífsins og fyrirtæki með 1-2 starfsmenn sem vilja verða stór og geta stækkað upp í að ráða 100-200 starfsmenn komast aldrei á legg. Hér er verk að vinna.

Regluverkið refsar einyrkjum

Það er auðveldara að reka tveggja manna fyrirtæki en 4-6 manna fyrirtæki, það sýnir reynsla fólks úr atvinnulífinu. Þegar fyrirtæki ná hins vegar þeim áfanga að vera með 12 starfsmenn eða fleiri næst ákveðin stærðarhagkvæmni og hlutirnir ganga betur fyrir sig.

Sveiflur í rekstri eru eðlilegur hluti af veruleika lítilla fyrirtækja og því verða þau að vera sveigjanleg og geta brugðist hratt við breyttum aðstæðum. Oftar en ekki byggja þau á verkefnum sem geta verið af öllum mögulegum stærðum og gerðum, kallað á fjölda starfsfólks í takmarkaðan tíma eða fólk með mjög sérhæfða þekkingu sem ekki er alltaf þörf fyrir inni í fyrirtækjunum. Því er það lykilmál fyrir fyrirtækin að geta ráðið til sín verktaka eftir aðstæðum hverju sinni.

Smátt og smátt hefur fólki hins vegar verið gert erfiðara fyrir að hasla sér völl sem verktakar. Þegar sótt er um

virðisaukaskattsnúmer spyrja skattyfirvöld t.d. að því hvort viðkomandi vilji ekki frekar vera launamaður? Þarna þarf að færa hlutina til betri vegar og tryggja að þeir sem starfa sem lausamenn hafi réttindi. Skattayfirvöld ættu jafnframt að halda námskeið fyrir verktaka þannig að þeim séu ljós réttindi sín og skyldur, auðvelda þeim að starfa sem verktakar á réttum forsendum í stað þess að berjast gegn því. Almennt er nú viðurkennt að greiða þurfi verktökum fyrir sín störf miðað við að þeir hafi ekki fast starf og þurfi sjálfir að tryggja sig, standa undir orlofi og lífeyrisréttindum. Eins og er þá refsar regluverkið einyrkjum.

Hæfileikar ráði för

Það er skemmtilegt að vinna í smáfyrirtækjum þar sem ríkir frumkvöðlaandi og metnaður. Ef fólk vill hafa gaman í vinnunni eru smáfyrirtæki því kjörinn vettvangur en því fylgir líka mikil vinna oft á tíðum og umstang, ekki síst fyrir eigandann. Smáfyrirtæki vilja fá fjölhæft fólk í vinnu sem kann vel til verka og vilar ekki fyrir sér að taka til hendinni. Þrátt fyrir mikið atvinnuleysi á Íslandi virðist þó vera erfitt að fá slíkt fólk til starfa og ekki gott að segja til um hvað veldur.

Mögulega hefur það áhrif að á undanförunum árum hefur fólk verið ráðið í vinnu í auknum mæli á grundvelli menntunar en ekki endilega hæfileika til að vinna. Kvarðinn sem t.d. hið opinbera ræður fólk eftir er mjög einhæfur. Fólk er hvatt til að safna háskólagráðum en hefur svo enga tryggingu fyrir því að þær muni nýtast þegar út á vinnumarkaðinn er komið. Oftar en ekki fer námið fram í litlum tengslum við

atvinnulífið. Fyrirtæki, stór eða smá, kjósa ekki að ráða fólk í vinnu án reynslu þótt það hafi tvær eða fleiri háskólagráður. Mörgum hefur reynst best að ráða fólk utan af landi. Það kann að vinna og hefur flest unnið með skóla og tekið þátt í vinnutörnum, t.d. í fiskvinnslu eða í sláturhúsi svo eitthvað sé nefnt.

Kóngar á Íslandi?

Viðhorf fólks til starfa hafa breyst. Ef smáfyrirtæki auglýsir eftir almennu starfsfólki í áhugaverð störf koma yfirleitt mjög fáar eða engar umsóknir en ef STJÓRI er í starfsheitinu verður allt vitlaust og umsóknir fara iðulega yfir eitt hundrað. Menntun er góð en hæfileikar skipta ekki síður máli. Þá er jafnframt morgunljóst að gera verður verkþekkingu og verkmenntun hærra undir höfði, atvinnulífið stórt og smátt þarf á því að halda.

Pétur Jónsson, Medialux:

„Sjoppa sem rekin er með hagnaði er gott fyrirtæki sem skapar atvinnu og greiðir gjöld og skatta. Það er hins vegar búið að taka gulrótina af smáfyrirtækjum á Íslandi með því að breyta löggjöfinni um eignarhaldsfélög vegna þeirra sem misnotuðu hana gróflega og þannig takmarka hagnaðarvon okkar sem gerðum það ekki.“

Helga Margrét Reykdal, True North:

„Það er nauðsynlegt að ráða fólk sem verktaka þegar verkefni eru sveiflukennd. Skattýfirvöld gera fólki erfitt fyrir að starfa sem verktakar. Starfsfólk skattsins er að segja verktökunum að þeir eigi bara að vera launþegar, þegar fólk vinnur fyrir öll framleiðslufyrirtækin á sama árinu. Það er ekki nóg að verktakar séu upplýstir um réttindi sín og skyldur heldur þurfa yfirvöld að átta sig líka á mikilvægi þeirra fyrir atvinnulífið.“

Marín Magnúsdóttir, Practical:

„Menntun er góð og gild en mín upplifun er sú að í dag erum við að fá mikið menntað fólk út á vinnumarkaðinn sem hefur enga haldbæra reynslu af vinnu. Ég tel mikilvægt að atvinnulífið og menntastofnanir vinni að sameiginlegum markmiðum ungu kynslóðarinnar og efla til að mynda brú milli skóla og atvinnulífs.“

Bergþóra Guðnadóttir, Farmers Market.

„Að reka hönnunarfyrirtæki er 90% erfið vinna og 10% skemmtilegt en í dag vilja allir 100% skemmtun og lágmarks erfiði.“



ÞÁTTAKENDUR



Agnar Daníelsson / Kynnisferðir
Andri Þór Guðmundsson / Ölgerðin
Andrés Jónsson / Góð samskipti
Andrés Magnússon / SVP - Samtök verslunar og þjónustu
Ari Edwald / 365 miðlar
Ari Kristinn Jónsson / Háskólinn í Reykjavík
Ágúst Andræsson / Kaupfélag Skagfirðinga
Árni Stefánsson / Vífilfell
Ásbjörn Björgvinsson / Markaðsstofa Norðurlands
Ásbjörn Gíslason / Samskip
Bergþóra Guðnadóttir / Farmers Market
Bergþór Karlsson / Bílaleiga Akureyrar
Björgólfur Jóhannesson / Icelandair
Bryndís Skúladóttir / Samtök iðnaðarins
Davíð Lúðvíksson / Samtök iðnaðarins
Edda Lilja Sveinsdóttir / Actavis
Eggert Benedikt Guðmundsson / HB Grandi
Einar Guðjónsson / Kaffifélagið
Einar Örn Ólafsson / Skeljungur
Emil B. Karlsson / Háskólinn Bifröst
Erna Hauksdóttir / Samtök ferðaþjónustunnar
Finnur Árnason / Hagar
Finnur Geirsson / Nói Sírius
Friðrik J. Arngrímsson / Landssamband íslenskra útvegsmanna
Friðrik Halldórsson / Samtök dragnótamanna
Friðrik Pálsson / Hótel Rangá
Grímur Sæmundsen / Bláa Lónið
Guðbergur Rúnarsson / Landssamband fiskeldisstöðva
Guðmundur Ingi Ásmundsson / Landsnet
Guðmundur Nikulásson / Eimskip
Guðmundur Stefán Björnsson / Síminn
Guðmundur Þorbjörnsson / Efla
Guðrún Hafsteinsdóttir / Kjörís
Guðrún Jóhannesdóttir / KOKKA
Guðrún S. Eyjólfsdóttir / Samtök atvinnulífsins
Gunnar Valur Sveinsson / Samtök ferðaþjónustunnar
Halldór Árnason / Samtök atvinnulífsins
Hannes G. Sigurðsson / Samtök atvinnulífsins
Hákon Gunnarsson / Gekon
Helga Margrét Reykdal / True North
Hermann Guðmundsson / N1
Hjálmar Kristjánsson / KG fiskverkun
Hreiðar Valtýsson / Háskólinn á Akureyri
Hrund Gunnsteinsdóttir / Krád consulting og Prisma
Hörður Vilberg / Samtök atvinnulífsins
Inga Dóra Hrólfsdóttir / Orkuveita Reykjavíkur
Inga Hlín Pálsdóttir / Íslandsstofa

Ingi Þór Guðmundsson / Flugfélag Íslands
Ingibjörg Guðjónsdóttir / Íslenskir fjallaleiðsögumenn
Ingólfur Haraldsson / Hilton Hótel Nordica
Ingunn Sæmundsdóttir / Háskólinn í Reykjavík
Jón Ágúst Þorsteinsson / Marorka
Jón B. Stefánsson / Tækniskólinn
Jón Ingimarsson / Landsvirkjun
Jón Kjartan Jónsson / Samherji / Íslandsbleikja
Júlíus Kristinsson / Orf líftækni
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir / Samtök iðnaðarins
Kristinn Andersen / Marel
Kristín Gunnarsdóttir / Hönnunarmiðstöð Íslands
María Björk Gunnarsdóttir / Elding
María Guðmundsdóttir / Samtök ferðaþjónustunnar
Marín Magnúsdóttir / Practical
Ólafur Halldórsson / Háskólinn á Akureyri
Páll Kr. Pálsson / Skyggni
Perla Björk Egilsdóttir / Saga Medica
Pétur Jónsson / Medialux
Pétur Pálsson / Vísir
Pétur Reimarsson / Samtök atvinnulífsins
Ragnheiður Héðinsdóttir / Samtök iðnaðarins
Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir / Íslensk matorka
Rakel Sölvadóttir / Skema
Sigríður Margrét Guðmundsdóttir / Landnámssetrið Borgarnesi
Sigríður Hallgrímsdóttir / KOM
Sigríður Margrét Oddsdóttir / Já.is
Sigríður Valgeirsdóttir / ROCHE Nimblegen
Sjöfn Sigurgísladóttir / Íslensk matorka
Stefán Friðriksson / Ísfélag Vestmannaeyja
Steinunn Sigurðardóttir / STEiNUNN
Svana H. Björnsdóttir / Stiki
Sveinn Hjörtur Hjartarson / Landssamband íslenskra útvegsmanna
Sveinn Margeirsson / Matís
Valgeir Valdimarsson / Takk Takk
Vilhjálmur Egilsson / Samtök atvinnulífsins
Þór Sigfússon / Sjávarklasinn



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

BORGARTÚNI 35 | 105 REYKJAVÍK | WWW.SA.IS